

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2025
UST202412-106/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsskyldufyrirspurn - Aðkomuvegur að mastri í Þrengslum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 11. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúruverndarstofnun vill vekja athygli á að vegna stofnana- og lagabreytinga sem áttu sér stað um áramótin mun Náttúruverndarstofnun hér eftir veita umsagnir í samræmi við 68. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Framkvæmdarlýsing

Orkuveitan hyggst leggja 1,7 km langan malarslóða að fyrirhuguðu rannsóknarmastri á landareign sinni norðan Litla-Sandfells í Þrengslunum í sveitarfélaginu Ölfusi. Þar sem vegslóðinn er innan fjarsvæðis vatnsverndar, og á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þá er framkvæmdin tilkynningarskyld samkvæmt tölulið 10.08 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tilgangur vegslóðans er búa til aðgengi að vindmælingamastri sem á að reisa til að kanna vindafar á svæðinu og möguleika þess til nýtingar vindorku.

Náttúruverndarstofnun telur að fjalla þurfi nánar um hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta rask á hrauni, valkosti fyrir veglagningu, skilgreiningu á umfangi framkvæmdar og samlegðaráhrifum við aðrar tengdar framkvæmdir.

Umfang og samlegðaráhrif

Í greinargerð segir að óhjákvæmilegt sé að fara yfir hraun við framkvæmdirnar, en 0,85 ha fótspor vegslóðans er agnarsmátt hlutfall af öllu Leitarhrauni, sem er á annað hundrað ferkílómetrar að flatarmáli (um 130 km²), um 0,007%, og enn minna hlutfall af heildarhrauni á svæðinu.

Í greinargerð virðist sem á nokkrum stöðum framkvæmdaraðili fjalla um verkefnið og umfang þess á mismunandi skala. Allt frá því að verkefnið snúi einungis um vegslóða, til annarra framkvæmda eins uppbygging masturs og vindmyllugarðs sem nær yfir ótiltekið svæði og svo nær áhrifasvæðið yfir allt Leitarhraun sem er á annað hundrað ferkílómetrar að flatarmáli.

Náttúruverndarstofnun bendir á í þessu samhengi að sjónræn áhrif vindmyllugarðs geti verið allt að 40 km radíus.

Náttúruverndarstofnun getur tekið undir með framkvæmdaraðila að umfang verkefnisins nái einnig til rannsóknarmasturs og vindmyllugarðs. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um umfang og afmörkun verkefnisins og samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum þar með talið .

Náttúruverndarstofnu (áður Umhverfisstofnun) hefur í umsögnum sínum um vindorkuver bent á að stuðla eigi að fáum en stórum vindorkuverum frekar en fjölda minni og lagt áherslu á að þessi mannvirki verði staðsett á núverandi orkuvinnslusvæðum og/eða í nágrenni við orkufrekan iðnað, þannig að innviðir sem eru til staðar nýtist.¹

Náttúruverndarstofnun leggur til, ef verkefnið nær einnig til uppbyggingar vindmyllugarðs, að skoðaðir séu fleiri valkostir varðandi staðarval fyrir hann og samlegðaráhrif tengdra framkvæmda áður en farið sé í vindrannsóknir sem valda raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar. Þeir umhverfispættir sem mikilvægt sé að skoða sem vindmyllugarður getur haft áhrif á eru rask á hrauni, áhrif á landslag, áskýnd, útivist og Bláfjallafólkvang (sbr. 54. gr. náttúruverndarlaga) auk annarra þátta í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, en hér er verið að fara í rannsóknir á svæði sem er óraskað.

Vindorkugarður á þessu svæði getur valdið óafturkræfu raski á hrauni og gæti haft neikvæð áhrif á fólkvanginn, útivist, landlag og áskýnd.

Ef niðurstaða þessa mats að vindorkugarður á þessu svæði muni hafa neikvæð áhrif á ofangreinda þætti ætti að skoða aðra valkosti sem hentugri séu fyrir vindorkuver.

Hraun

Eins og kemur fram þá nýtur hraunið á svæðinu sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allt hraun sem fellur undir skilgreiningu í 61. gr. náttúruverndarlaga nýtur sérstakrar verndar, líka um 0,007% af öllu Leitarhrauni.

Í greinargerð segir: „Það er því óhjákvæmilegt að rask verði á hrauni við framkvæmdir hvort sem það er vegna samgöngumannvirkja, íbúðarhúsa, sumarhúsa, ferðaþjónustu, fiskeldis o.s.frv. Þorlákshöfn er byggð á sama hrauni og allar framkvæmdir þar raska hrauninu.“

Náttúruverndarstofnun getur ekki tekið undir með framkvæmdaraðila að verndargildi hrauns í Ölfussi eða „mest öllu“ Reykjanesi hafa sama verndargildi. Hraunasvæðin eru mjög fjölbreytt og því er óljóst hvort að verndargildi jarðmyndana á svæðinu hafi verið metin.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

¹ https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Umsagnir/Ums%c3%b6gn_Umhverfisstofnunar_-_%c3%81form_um_frumvarp_til_laga_um_vindorku.pdf

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Þar sem að fyrirspurnin er afmörkuð við vegslóðann þá er erfitt að sjá að lagning hans sé brýn nauðsyn eins og framkvæmdinni er lýst í greinargerð.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Framkvæmdarleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Valkostir vegna veglagningar

Í greinargerð segir að þar sem vegslóðinn er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þá er framkvæmdin tilkynningarskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

Náttúruverndarstofnun bendir þá á mikilvægi þess að vegurinn sé afmarkaður með tilliti til verndargildis jarðmyndanna á svæðinu.

Einnig bendir Náttúruverndarstofnun á að engir valkostir aðrir en veglagning eru lagðir fram. Ekki er gert ráð fyrir umferð um veg nema á stuttum framkvæmdartíma til að reisa mastrið (og væntanlega taka það niður þegar rannsókn lýkur) og þá má spyrja hvort ekki sé hægt að koma mastrinu fyrir án veglagningar, s.s. með þylu eða akstri á snævi þakinni og frosinni jörð. Þannig mætti einnig komast á þann stað í miðri hraunbreiðunni sem framkvæmdaraðili telur bestan, en vill síður fara á til að lágmarka rask vegna vegagerðar.

Tilgangur rannsókna skiptir einnig máli. Ef rannsóknir eru til að meta hvort svæði henti til nýtingar vindorku þá mun vegurinn standa þarna áfram um ókomna tíð, jafnvel þó niðurstaðan sé neikvæð. Ef tilgangur rannsókna er hins vegar að meta staðsetningu, stærð og fjölda vindmylla er eðlilegt að veglagningin verði hluti af stærra mati á áhrifum vindorkuvers á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sveinn Kári Valdimarsson
sérfræðingur



Skipulagsstofnun

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 16.1.2025

Málsnúmer: 202412-0026

IAS

Efni: Aðkomuvegur að mastri í Þrengslunum. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 11. desember 2024 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um aðkomuveg að mastri í Þrengslum. Tilkynning til ákvörðunar matskyldu.

„Orkuveitan hyggst reisa vindmælingamastur á landareign sinni norðan Litla-Sandfells í Þrengslunum í sveitarfélaginu Ölfusi til að rannsaka vindaðstæður vegna athugunar á mögulegri vindorkuframleiðslu á svæðinu. Vindmælingamastur fellur ekki undir lög 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en aðkomuvegurinn að mastrinu gerir það hins vegar. Því er nauðsynlegt að senda inn til Skipulagsstofnunar matskyldufyrirspurn um hvort að vegslóðanum fylgi það umtalsverð umhverfisáhrif að hann þurfi að gangast undir fullt mat á umhverfisáhrifum.

Orkuveitan kynnti hugmyndir um vindorkugarð á svæðinu í júní 2023, en þær hugmyndir eru ekki til umfjöllunar hér, eingöngu einn vegslóði sem er hluti af undirbúningsrannsóknum.“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Fyrirhuguð vegagerð er öll á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61 gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013) og ber að forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til. Tilgangur mastursins er eingöngu að kanna aðstæður fyrir vindorkuframleiðslu og því telur Náttúrufræðistofnun eðlilegt að umhverfisáhrif þessara framkvæmda verði metin saman. Ef ekki fæst leyfi til vindorkuframleiðslu þá er vegurinn óþarfur. Ekki er því hægt að sjá að brýn nauðsyn kalli á þetta rask.

Fram kemur að fyrsta val fyrir staðsetningu mastursins hafi verið við núverandi vegslóða vestan við Litla-Sandfell en þá væri ekki þörf á nýjum vegi, aðeins endurbætur á núverandi vegslóða. Sá vegslóði er utan landareignar Orkuveitunnar og þar sem ekki náðist að ljúka samningaviðræðum við landeigendur þurfti að skoða aðra valkosti. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að reyna til þrautar að ná samningum um notkun vegslóðans áður en farið er í óþarfa rask á nútímahrauni.

Framkvæmdasvæðið er innan grunnvatnshlotsins Selvogsstraumur 3 (Vatnshlotanúmer: 104-290-G). Vatnsverksmiðja við Hlíðarenda, byggðin í Þorlákshöfn og nokkur fiskeldisfyrirtæki vestan við Þorlákshöfn nýta, eða hyggjast nýta, grunnvatn úr þessum grunnvatnsstraumi og því eru gríðarleg verðmæti fólgin í því að vatnið mengist ekki. Veglagning og notkun vinnuvéla á svæðinu, auk fyrirhugaðrar vindorkuframleiðslu hefur mengunarhættu í för með sér og er áriðandi að allt sé gert til að koma í veg fyrir að mengun berist í grunnvatn.

Að lokum bendir Náttúrufræðistofnun á að stefnumótun íslenskra stjórnvalda um uppbyggingu vindorkuvera er ekki lokið en frumvarp og þingsályktunartillaga þess efnis var til umfjöllunar á Alþingi



vorið 2024 en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu. Fyrirkomulag málsmeðferðar á vettvangi orku- og nýtingaráætlunar (rammaáætlunar) og svæðisbundið mat á landsvísu um hvar vindorka eigi erindi og hvar ekki, er meðal þess sem stefnumótunin fjallar um. Á meðan málið er enn óafgreitt ríkir óvissa um hvaða forsendur skal horfa til við ákvarðanatöku um vindorkuver og útfærslu þeirra hverju sinni.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að veglagningin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrif fyrirhugaðs vindorkuvers eigi að meta samhliða.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

**Skipulagsstofnun**

Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar um tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu aðkomuvegar að mastri í Þrengslum

Skipulagsgátt mál nr. 1496/2024

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tilkynningu dags. 3. desember 2024, um mögulega matsskyldu 1,7 km langs malarlóða að fyrirhuguðu rannsóknarmastri norðan Litla-Sandfells í Þrengslunum í sveitarfélaginu Ölfusi.

Vegagerðin hefur rýnt tilkynninguna á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar.

Á yfirlitsmynd kemur fram að aðkomuvegurinn muni tengjast Þrengslavegi en ekki er sýnd staðsetning eða útfærsla nýrra gatnamóta. Vakin er athygli á því að allar breytingar innan veghelgunarsvæða, varanlegar eða tímabundnar, eru háðar framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni og skipulag og umsjón framkvæmda í tengslum við aðgerðir skal unnin í samráði við Vegagerðina.

Að því samráði uppfylltu gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við tilkynninguna.

Síða 1/1

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Hólmfríður Bjarnadóttir

Undirskrift

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 13. janúar 2025

2412107HS SHJ

Efni: Aðkomuvegur að mastri í Þrengslum, nr. 1496/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd

Þann 11. desember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar lagningar aðkomuvegar að mastri norðan Litla-Sandfells í Þrengslum í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Orkuveita Reykjavíkur fyrirhugar að leggja malarslóða að vindmælingarmastri sem á að reisa norðan Litla-Sandfells í þeim tilgangi að rannsaka vindafar á svæðinu vegna athugunnar á mögulegri vindorkuframleiðslu. Slóðinn er um 1,7 km langur og um 4 m breiður. Ekki er reiknað með neinni jarðvinnslu á leiðinni heldur verði um 60 cm þykkt efnislag sett ofan á núverandi yfirborð alla leiðina. Vindmælingamastrið er sett saman um mögum léttum einingum svo slóðinn þarf ekki að bera þungaflutninga. Áætluð efnisþörf er um 5.500 m³, en efnið verður sótt í nærliggjandi námur. Stefnt er að því að leggja slóðann sumarið 2025 og er áætlað að verkið taki um viku. Vegurinn er alfarið innan landareignar Orkuveitunnar og verður óviðkomandi umferð um hann bönnuð. Ekki er gert ráð fyrir skipulagsbreytingum vegna framkvæmdarinnar þar sem tímabundin rannsóknarmöstur krefst ekki deiliskipulagningar og lokaðir vinnuslóðar eru almennt ekki sýndir á aðalskipulagssuppráttum sveitarfélaga.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfisþættina vistgerðir og fuglalíf, jarðmyndanir, fornminjar, ásynd og landslag og vatnsvernd. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin engin á fornminjar og óveruleg á aðra umhverfisþætti sem til skoðunnar voru.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum



frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum lóknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir heimild fyrir verklegum framkvæmdum innan vatnsverndarsvæða, þ.m.t. veglagningu, sbr. 37. gr. samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. nr. 326/2022, sbr. einnig 4. mgr. 13. gr. rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Mör
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi